

Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK – ávarp á afmælishátíð



Ágætu samkomugestir

Ég vil byrja á að óska öllum viðstöddum til hamingju með daginn. Jafnframt vil ég þakka þann heiður sem Sambandi sunnlenskra kvenna er sýndur, með því að bjóða mér sem formanni þess, að ávarpa samkomuna. Samkomu sem haldin er hér í Múlakoti í dag til að minnast 150 ára ártíðar merkilegrar og stórhuga konu, Guðbjargar Þorleifsdóttur sem hér bjó.

Já, það voru stórhuga konur sem réðust í að stofna kvenfélög á Íslandi. Meðfram sjálfstæðisbaráttu Íslendinga fór fram barátta kvenna um að sýna fram á, að þær gætu staðið jafnar karlmonnum og aðstoðað við samfélagslega uppbyggingu landsins.

Ári áður en Guðbjörg fæddist var fyrsta kvenfélagið stofnað í Rípurhreppi í Skagafirði. Hér á Suðurlandi var það elsta stofnað á Eyrarbakka árið 1888 og svo fylgdu í kjölfarið stofnun fjölmargra kvenfélaga víðs vegar um landið.

Helstu baráttumál þessara stórhuga kvenna voru að stemma stigu við bágindum fólks, stuðla að aukinni menntun allra barna, auka nýtni afurða eins og að fullvinna ullina, fræðsla um ræktun matjurta, trjáa og margt fleira. Kvenfélögin stóðu fyrir ýmsum námskeiðum, gerðu út hjálparstúlkur til aðstoðar á heimilum í veikindum, beittu sér fyrir stofnun sjúkrahúsa og húsmæðraskóla.

Kvenfélögin á Suðurlandi stofnuðu síðan Samband sunnlenskra kvenna í Þjórsártúni þann 30. september árið 1928. Núverandi starfssvæði þess nær yfir Árnes- og Rangárvallasýslur. Innan SSK eru í dag starfandi 25 kvenfélög með samtals 928 konum. 15 þeirra eru í Árnessýslu og 10 í Rangárvallasýslu. Öll láta þau sig varða ýmis málefni er lúta að líknar-, menningar- og umhverfismálum í nærsamfélögum sínum og á landsvísu.

Eitt af stofnfélögum SSK var Kvenfélag Fljótshlíðar en það var stofnað árið 1923. Í grein um það í bókinni *Gengnar slóðir* er Guðbjörg Þorleifsdóttir tilgreind sem heiðursfélagi þess. Í tilefni af aldarafmæli Guðbjargar árið 1970 gekkst stjórn SSK fyrir því að reistur var minnisvarði um hana hér í garðinum í Múlakoti.

Í fyrrnefndri bók er skráð saga SSK og kvenfélaganna. Þar eru greinar um Guðbjörgu í Múlakoti ritaðar af Sigríði Árnadóttur og Margréti Sigurðardóttur. Þar er brugðið upp mynd af bóndakonu sem vann merkilegt brautryðjendastarf og varð landskunn fyrir garðyrkju og trjárækt en vandvirkni hennar við ullarvinnu og vefnað var líka annáluð. Þar fór kona sem svo sannarlega ræktaði garðinn sinn og nýtti vel allar tómsundur sínar. Margrét bregður í frásögn sinni upp afar fallegru mynd af Guðbjörgu að loknu dagsverki við vinnu í garðinum á björtum vornóttum í Múlakoti, þar sem allt grær og dafnar af mildum höndum hennar.

Margrét segir: „Störf hennar runnu fram í réttari röð, hávaðalaust og án tafar eins og lygnt fljót.“ Og hún heldur áfram: „Guðbjörg var ætíð fyrst á fætur og síðust í rúmið....Guðbjörg var hin viðurkennda grasakona sveitarinnar og kunni ótal ráð til að græða sár og stilla verki, bæði manna og dýra....“ Hún segir jafnframt að Guðbjörg hafi gert börnin á bænum að trúnaðarvinum sínum, „sagt þeim frá töframætti jurtanna og fengið þau til aðstoðar við að safna efniviði í smyrslin sem hún útbjó.“

Ekki kæmi mér á óvart þótt mörg af gömlu reynitrygnum sem enn má víða má sjá í sunnlenskum sveitum, og voru oftast gróðursett sunnan undir húsvegg íbúðarhúss eigi uppruna sinn úr berjum sem gefin hafa verið úr garðinum hér í Múlakoti.

Kvenfélagskonan Guðbjörg hefur efalaust miðlað bæði fróðleik og góðum ráðum til annarra kvenna sem áhuga höfðu á ræktun. Ég sé hana og þessar konur í eftirfarandi ljóðlínunum Sigrúnar Haraldsdóttur:

Þér vildi ég gjafir gefa

Dalalæðu, dúnmjúkt regn
og döggi á mosa.

Angan moldar, óm úr suðri,
yl af sólu.

Bjarta morgna, blæ á vanga,
bláma himins.

Ljósar stendur, léttan hlátur,
langa daga.

Silfurflugu á sumarblómi,
sólvermd engi.

Styrk í mótbyr, stjörnu á himni,

stað á jörðu.

Nið frá öldu, njólu milda,
næturhvílu.

Þrjár og vonir, þyt í lofti,
þanda vængi.

Gulan fífil, grænar lendur,
glit á vatni.

Gleði mína.

Mig Langar að biðja Sigríði Hjartar að koma hér og veita viðtöku gjafabréfi fyrir smá peningastyrk frá SSK f.h. Kvenfélaganna til áframhaldandi uppbyggingar hér í Múlakoti. Með von um að gróður jarðar dafni áfram vel hér í þessum gróna garði.

Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK

Á myndinni hér fyrir neðan eru þær Sigríður Hjartar, kvenfélagskona í Einingu og Hallgerði, Guðrún Þórðardóttir, forseti KÍ, Elinborg Sigurðardóttir, formaður SSK, Guðbjörg Þorleifsdóttir, heiðursfélagi í kvenfélaginu Hallgerði í Fljótshlíð, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra og Sólveig Ólafsdóttir, varastjórnarkona í KÍ og formaður Kvenfélags Grindavíkur.

